



Barnaþing - Inngangur

Það er mikilvægt að börn á leikskólaaldri skynji að það sé verið að hlusta á þau og að tekið sé mið af skoðunum þeirra. Við í Skógarás settum upp Barnaþing þar sem allir nemendur á elstu deild leikskólans fengu að tjá skoðanir sínar og tilfinningar. Barnaþingið fór fram inni í herbergi þar sem engin utanaðkomandi truflun gat átt sér stað. Hópnum var skipt upp í þrjá hópa, u.þ.b fimm til sex nemendur í hverjum hópi.

Markmiðið okkar með þessu nemendaþingi var að fá börnin til að mynda sínar eigin skoðanir, tjá tilfinningar sem þau upplifa bæði hér í leikskólanum og heiman frá og til að kynnst nemendunum betur. Við skrifuðum samtals sex upphitunarspurningar og ellefu flóknari spurningar, hóparnir fengu ekki alltaf sömu spurningarnar.

Dæmi um upphitunarspurningar voru meðal annars:

- Hvað heitir þú?
- Hvað langar þig í jólagjöf?
- Hvað ertu gamall/gömul?
- Hver er uppáhaldsliturinn þinn?
- Hvað heita foreldrar þínir?
- Áttu systkini? Ef svo er hvað heita þau?

Dæmi um flóknari spurningar voru meðal annars:

- Hvað finnst ykkur skemmtilegast að gera í útiveru?
- Hvernig líður þér í leikskólanum?
- Af hverju líður þér þannig?
- Er eitthvað sem þér finnst erfitt að gera í leikskólanum?
- Hvað gerir þú þegar þér leiðist?
- Hvernig líður þér í útiveru?
- Í hverju ert þú góður?
- Hver er uppáhaldsmaturinn þinn í leikskólanum?
- Hvað finnst þér skemmtilegast að gera með kennurum þínum?
- Hvernig líður þér í samverustundum?
- Hvernig gengur þér að klæða þig í útifötin?

Hópur eitt

Í hópi eitt voru fimm nemendur sem tóku þátt. Til að byrja nemendabingið fengu þau upphitunarspurningar eins og „Hvað ertu gamall/gömul?“ og „Hver er upphaldsliturinn þinn?“ Flóknari spurningar sem þessi hópur fékk voru meðal annars „hvað finnst ykkur skemmtilegast að gera í útiveru?“, „Hvernig líður þér heima?“ „Af hverju líður þér þannig?“

Upphitunarspurningar

Nemendurnir í þessum hópi voru á aldrinum fjögurra til fimm ára. Öll í sama árgangi en sumir eiga eftir að eiga afmæli. Upphaldslitir þeirra eru dökkblár, blár, svartur, bleikur og fjólublár.

Flóknari spurningar

Þegar nemendurnir voru spurðir um hvað þeim finnst skemmtilegast að gera í útiveru þá voru nokkrir sem sögðu að það væri mjög gaman að róla. Þau gætu nýtt alla útiveruna í að róla. Einn nemandi nefndi einnig að það væri gaman að spila fótbolta og annar nemandi nefndi drullumall. Öllum nemendum líður mjög vel heima hjá sér, þeim líður vel vegna þess að þau vilja það, þau fá að leika sér inni og með skemmtilegt dót.

Hópur tvö

Í hópi tvö voru sex nemendur sem tóku þátt. Til að byrja með fékk þessi hópur upphitunarspurningar eins og „Hvað heita foreldrar þínir?“ og „Áttu systkini? Ef svo er hvað heita þau?. Flóknari spurningar sem þessi hópur fékk voru „Er eitthvað sem þér finnst erfitt að gera í leikskólanum?“, „Hvað gerir þú þegar þér leiðist?“, „hvernig líður þér í útiveru?“ „Í hverju ert þú góður?“.

Upphitunarspurningar

Nemendurnir vissu nöfn foreldra sinna og systkina og hvað þau ættu mörg systkini en vegna persónuverndalaga ætlum við ekki að birta þessi nöfn.

Flóknari spurningar

Flestir nemendur sem svöruðu þessum spurningum þótti flestum allt vera mjög auðvelt í leikskólanum en hins vegar komu nokkur svör eins og að erfitt væri að drekka úr glasi, að ganga frá holukubbunum þar sem að þeir eru svo stórir og það er mikið magn af þeim.

Þegar þessum nemendum leiðist þá reyna þau að finna einhvern skemmtilegan leik sem allir eru sammála með að fara í, sumir vilja slaka á eða spjalla við vini sína. Öllum nemendum líður vel í útiveru, einn nemandi segir að ef hann verður reiður í útiverunni þá er hann einn í smá stund, hann telur upp í tíu og þá er hann búin að jafna sig. Síðan fer hann að tala við vini sína og segir þeim að hann hafi verið smá reiður. Svo að honum líði aftur vel þá fer hann t.d. að hjálpa yngri krökkunum. Að lokum fengu þessir nemendur spurninguna, í hverju þau eru góð í. Þau eru meðal annars góð í að kubba, að leika, í fótbolta og að ríma.

Hópur þrjú

Í hópi þrjú voru fimm nemendur sem tóku þátt. Til að byrja með fékk þessi hópur upphitunarspurningar eins og „Hvað heitir þú?“ og „Hvað langar þig í jólagjöf?“. Flóknari spurningar sem þessi hópur fékk voru „Hver er uppáhaldsmaturinn þinn í leikskólanum?“, „Hvað finnst þér skemmtilegast að gera með kennurum þínum?“, „Hvernig líður þér í samverustundum?“, „Hvernig gengur þér að klæða þig í útifötin?“.

Upphitunarspurningar

Vegna persónuverndalaga þá erum við ekki að birta nöfn nemendanna. Það sem þeim langaði í jólagjöf var meðal annars dúkka, dúkkukerra, rauð rúta, róbot og Lightning McQueen bíl.

Flóknari spurningar

Tveir nemendur sögðu að pítsa væri þeirra uppáhaldsmatur í leikskólanum, aðrir nemendur nefndu pasta, kjúkling og fiskibollur með sósu. Nemendum finnst skemmtilegast þegar kennarar þeirra taka þátt í byggingarleik þeirra með stórum kubbum og/eða með smellikubbum. Einnig kom fram að börnunum finnst skemmtilegt að hafa kennara hjá sér þegar þau eru að leira eða að skrifa. Þeim líður öllum vel í samverustundum, þeim finnst skemmtilegt þegar það er verið að lesa fyrir þau og þegar þau syngja öll saman. Nemendurnir greindu frá því að þeim gengur öllum vel að klæða sig í útifötin, það getur hins vegar verið erfitt að setja kuldagallann yfir kuldaskónna en þá biðja þau bara um hjálp.

Lokaorð

Þetta var afar fræðandi og skemmtilegt barnaþing hjá okkur, að okkar mati heppnaðist þetta vel. Við starfsmennirnir fengum að kynnast nemendahópnum enn betur og vitum hvað við getum gert til að bæta starfið meira. Við tókum upp barnaþingið með hljóðupptöku svo að hægt var að greina betur frá niðurstöðum barnaþingsins.



ALLIR MÍÐ



MÉR LÍÐUR VEL



ÖPNUM HUGANUM



FAGLOT
MENNTASAMFÉLAG

